

Reglubundið eftirlit - Sjókvíaeldi

Eftirlit

Skv. 14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum. Í lögunum stendur að: „eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldispátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin.“, „Eftirlit með heilbrigði og velferð fiska og heilnæmi eldisafurða skal einnig framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við lög þar að lútandi.“ Í sömu lagagrein kemur einnig fram að: „Matvælastofnun er heimilt að kalla eftir frekari gögnum en hér greinir þegar tilefni er til.“

Eftirlitsatriði

Búningsaðstaða og fatnaður

- Er flæði gegnum búningsaðstöðu skýrt?
- Er til staðar þrifaáætlun fyrir fatnað?
- Er búningsaðstaða snyrtileg?
- Er til staðar þrifaáætlun fyrir búningsaðstöðu?
- Fer fatnaður á milli svæða?
- Er vaskur með sápu, handspritti og handþurrkum er aðgengilegur?
- Er þvottavél og þurrkari til staðar?
- Eru sömu búningsklefar notaðir á milli eldisstöða?
- Er aðskilnaður búningsaðstöðu á milli eldissvæða?
- Er gestum úthlutaður fatnaður við komu?

Aðgengisstýring

- Er aðgangur utanaðkomandi að húsnæði takmarkaður?
- Eru gestir skráðir inn og út af starfsstöð og hlíta smitvörnum?
- Eru sótthreinsiskilti sýnileg við innganga húsnæðis?

Búnaður um borð í þjónustubát

- Fer þjónustubátur á fleiri en eitt eldissvæði?
- Er búnaður sótthreinsaður á milli kvía?
- Hvaða búnaður er aðgengilegur fyrir eldissvæðið? (Sweep-net, kleinuhringur, háfur)
- Er búnaðurinn hannaður til þess að auðvelt sé að þrifa hann og sótthreinsa?

Þrif um borð í þjónustubát

- Er þjónustubátur hreinn og snyrtilegur?
- Er þrifaverklag til staðar í þjónustubát?
- Er þrifaskráning aðgengileg um borð?
- Er þjónustubátur þrifinn sérstaklega ef hann fer á milli eldissvæða?
- Er til þrifaskráning þegar þjónustubátur fer á milli svæða?
- Er skókbúnaður sótthreinsaður þegar farið er út á sjó og aftur þegar farið er í land?

Þrif um borð í pramma

- Er prammi hreinn og snyrtilegur?
- Er þrifaverklag til staða fyrir pramma?
- Er þrifaskráning fyrir pramma aðgengileg?

Fóðurgeymsla

- Er fóðurgeymsla í landi/pramma?
- Hvaða fóður er notað á eldissvæðinu?
- Er aðskilin lokað fóðurgeymsla til staðar?
- Eru meindýravarnir viðunandi?
- Er samningur við meindýraeyði?
- Eru smitvarnir viðhafðar við fóðurgeymslu?
- Er fóðurgeymsla þurr og hlý?
- Hvað er gert við fyrningar?

- Er ástand hússins og viðhald þess í lagi?
- Heiti fódurs og geymslutími?

Lyfjablandað fóður

- Er notað lyfjablandað fóður á svæðinu?
- Er aðskilin fóðurgeymsla fyrir lyfjablandað fóður?
- Eru meindýravarnir viðunandi? Er samningur?
- Eru smitvarnir viðhafðar við fóðurgeymslu?
- Er geymslan þurr og hlý?
- Er ástand hússins og viðhald þess í lagi?
- Hvað er gert við fyrningar?
- Heiti fódurs, lyf og geymslutími?

Dagbókarfærslur

- Hvernig eru hitamælingar framkvæmdar og á hvaða dýpi?
- Hvernig eru súrefnismælingar framkvæmdar og á hvaða dýpi?
- Eru gögn aðgengileg um borð?
- Hversu oft eru mælingar gerðar?

Dauðfiskaskráning

- Eru sjúkir og særðir fiskar fjarlægðir og aflífaðir daglega með viðurkenndri aðferð? (Rothögg eða svæfilyf)
- Eru sjálf dauðir fiskar fjarlægðir daglega?
- Er aðferð við upptöku sveimara fullnægjandi miðað við fjölda?
- Tryggir aflifunaraðferð varanlegt og tafarlaust meðvitundarleysi?

Viðbragðsáætlanir (*Contingency plan*)

- Eru viðbragðsáætlanir aðgengilegar um borð í bátum?
- Óska eftir að sjá viðbragðsáætlanir um:
 - Massadauða
 - vegna viðkomu snýkjudýra
 - vegna tilkynningarskyldra sjúkdóma.
- Eru viðbragðsáætlanir á tungumáli sem allir starfsmenn um borð skilja?
- Geta starfsmenn sýnt ykkur viðbragðsáætlanirnar og vita hvar hægt sé að nálgast þær?

Heilbrigði fiska

- Skráningar á lús eftir talningar (einungis ef yfir 4°C)
- Er stór hluti fisksins með sjáanleg og áberandi sár?
- Fá afhentar síðustu tvær dýralæknaskýrslur af svæðinu

Starfsleyfi fyrir aukaafurðir dýra (ABP)

- Er starfsleyfi svæðisins til meltuvinnslu gilt?

Verklagsreglur

- Fá að sjá allar verklagsreglur sem gilda um söfnun, meltugerð, merkingar og flutning.

Merkingar (cat2/cat3)

- Eru öll kör undir meltu rétt merkt? (Svæði, cat2, óhæft í fóður)
- Eru merkingar á pramma réttar?
- Er búnaður til meltuvinnslu rétt merkur?

Meltuvinnsla

- Er meltugerð á svæðinu eða er hún staðsett í landi?
 - (Meltugerð er þegar sýran er blönduð saman við.)
- Eru meindýravarnir viðunandi.
- Er samningur við meindýraeyði í gildi?
- Er sýrustig meltu mælt og skráð reglulega?
- Fá að sjá 1-2 flutningsskjöl af handahófi.

